

# Viðbragðsáætlun íþróttamiðstöðvar vegna COVID 19 veirunnar

Forstöðumaður skal upplýsa starfsmenn um aðgerðaráætlun sveitafélagsins vegna COVID 19 veirunnar og fylgja eftir viðbragðsáætlun Rangárþings ytra.

Allir starfsmenn íþróttamiðstöðvar skulu upplýsa yfirmann ef þeir finna fyrir veikindum sem lýsa sér eins og COVID 19 veirusmit og eða hafa verið í samneiti við smitaða einstaklinga. Stjórnendur vakta nýjar upplýsingar og uppfæra starfsfólk um óvissustig og viðbragðsáætlun.

Skal forstöðumaður skrá niður veikindadaga samkvæmt tilmælum í viðbragðsáætlun RY.

## Þjónustustig íþróttamiðstöðvar:

Helstu verkefni íþróttamiðstöðvar eru.

- Starfsemi er haldið uppi eins lengi og unnt er og samkvæmt tilmælum frá heilbrigðisyfirvöldum og almannavörnum.
- Markmið er að starfsmenn haldi áfram störfum þó dragi úr starfsemi eða henni loki vegna sóttvarnaráðstafana.
- Fylgja verklagsreglum um ræstingar með tilliti til sóttvarna.
- Miðla upplýsingum til íbúa vegna viðbragðsáætlunar svo sem vegna skertrar starfsemi.

## Staðgengill og verkaskipting.

Sindri Snær Bjarnason er staðgengill Forstöðumanns íþróttamiðstöðvar við forföll.

Allir starfsmenn íþróttamiðstöðvar hafa reynslu og þekkingu til að sinna þeim störfum sem eru á borði íþróttamiðstöðvar. Munu þessir aðilar ganga í þau tilfallandi störf og leysa af þar sem þörf gæti skapast.

## Hreinlæti og þrif

Til að forðast smitleiðir skal brýna fyrir starfsfólki að viðhafa hreinlæti í sínum störfum.

Fylgja verklagsreglum um ræstingar með tilliti til sóttvarna.

Í íþróttamiðstöð skal forstöðumaður sjá til þess að allar almennar hreinlætisvörur séu tiltækar, þar á meðal;

- Handsápa
- Handþurrkur
- Handspritt
- Hreinsilögur til sóttþreinsunar
- Einnota hanskar og fl.

Brýna skal fyrir starfsmönnum að viðhafa skal handþvott og nota handspritt ásamt því að hreinsa áhöld, hurðarhúna handrið og borð til að minnka áhættu á smitleiðum.